

REGLUR

um þverfaglegt meistaranám við Háskóla Íslands í skattarétti og reikningskilum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um meistaranám í skattarétti og reikningskilum við Háskóla Íslands. Námið er þverfaglegt og skipulagt sameiginlega af viðskiptafræðideild annars vegar og lagadeild hins vegar.

Reglur um meistaranámið eru sérreglur gagnvart ákvæðum 69. gr. reglna nr. 569/2009, fyrir Háskóla Íslands, og reglum einstakra deilda um framhaldsnám. Reglur háskólans og deilda gilda þó eftir því sem við á ef þessar reglur hafa ekki að geyma ákvæði um einstök tilvik. Fyrirvarar deilda í reglum og kennsluskrá um fjárveitingar, fáanlegt kennaralið og slík atriði gilda gagnvart þeim nemendum sem skráðir eru í námið.

2. gr.

Markmið.

Meistaránám í skattarétti og reikningskilum miðar að því að veita fræðilega sérmenntun á meistarastigi á sviðum er snerta skattamál og reikningskil.

Með náminu er komið til móts við þarfir samfélagsins fyrir rannsóknir, þjónustu og stefnumótun sem tengjast skattamálum og reikningskilum.

3. gr.

Um námið.

Námið er skipulagt og stundað í umboði tveggja háskóladeilda, viðskiptafræðideildar og lagadeildar. Deildirnar eru bundnar af reglum þessum, svo og af sérstöku samkomulagi þeirra um námið, sbr. 2. mgr.

Samstarfsdeildirnar hafa gert með sér samkomulag um skipan þverfaglegs meistaranáms í skattarétti og reikningskilum við Háskóla Íslands.

4. gr.

Stjórn námsins.

Stjórn félagsvísindasviðs skipar tveggja manna námsstjórn meistaranáms í skattarétti og reikningskilum til þriggja ára í senn. Hvor deild tilnefnir einn fulltrúa af sinni hálfu í námsstjórn. Með tilnefningu í námsstjórn öðlast viðkomandi háskóladeild aðild að náminu með þeim réttindum og skyldum sem henni fylgja.

Námsstjórn ber faglega ábyrgð á náminu í umboði þeirra deilda sem aðild eiga að því.

Námsstjórn fer með öll sameiginleg málefni námsins fyrir hönd viðkomandi deilda, skipuleggur það og hefur yfirumsjón með því. Hún annast samskipti við nemendajónustu félagsvísindasviðs og Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands, sbr. 66. gr. reglna nr. 569/2009.

Námsstjórnin tryggir gæði námsins, m.a. með því að skipuleggja námið, yfirfara og samþykkja umsóknir og tilnefna prófdómara fyrir meistaraþróf.

Forseti félagsvísindasviðs Háskóla Íslands sker úr ágreiningi sem upp kann að koma í námsstjórn eða samskiptum deildanna um túlkun samkomulagsins eða framkvæmd námsins.

5. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestir eru tveir ári, 15. apríl og 15. október. Afgreiðslu umsókna skal vera lokið og þeim svarað fyrir 25. maí vegna umsóknar 15. apríl og 25. nóvember fyrir umsókn 15. október.

6. gr.

Meðferð umsókna.

Umsóknum um meistaranám í skattarétti og reikningskilum skal skilað rafrænt á vef HÍ.

Námsstjórn fjallar um og afgreiðir umsóknir.

Ferli umsókna um meistaranám í skattarétti og reikningsskilum er eftirfarandi:

- a. Nemandi sækir um inngöngu í meistaranám, sbr. 1 mgr. Nemendaskrá veitir nemendabjónustu félagsvísindasviðs aðgang að umsókninni og nemendabjónusta sendir hana til námsstjórnar.
- b. Námsstjórnin fjallar um umsóknina og afgreiðir hana og endursendir umsókn til nemendabjónustu. Námsstjórn afgreiðir hana að uppfylltum skilyrðum með beiðni um að nemandinn hljóti skrásetningu til námsins. Nemendabjónusta verður við slíkri beiðni nema veigamikil rök hamli skrásetningu. Að fenginni staðfestingu á skrásetningu afgreiðir nemendabjónusta umsóknina og sendir tilkynningu þar að lútandi til nemendaskrár.
- c. Afgreiðslu umsóknar skal að jafnaði vera lokið og henni svarað skriflega innan sex vikna frá því að umsóknarfresti lýkur. Umsókn er synjað ef hún uppfyllir ekki gæðakröfur, sbr. 7 gr., eða önnur lagaskilyrði. Skjóta má synjun til forseta félagsvísindasviðs, sbr. 4. gr., til endanlegrar afgreiðslu.
- d. Nemandi sem námsstjórnin hefur samþykkt í meistaranám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið og greiðslu skrásetningargjalds. Skráning og greiðsla skráningargjalds vegna náms fylgir reglum HÍ á hverjum tíma.

7. gr.

Inntökuskilyrði.

Til að innritast í meistaranám í skattarétti og reikningsskilum þarf umsækjandi að hafa lokið BA-prófi frá lagadeild Háskóla Íslands eða BS-prófi frá viðskiptafræðideild háskólans eða öðru háskólánámi sem metið er jafngilt fyrsta háskólaprófi í sambærilegum greinum.

8. gr.

Einingafföldi og tímalengd náms.

Nám í skattarétti og reikningsskilum er 120 ECTS einingar. Miðað skal við að námstími námsins sé tvö ár (fjögur misseri). Nemandi skal hafa lokið náminu eigi síðar en á því almanaksári þegar fjögur ár eru liðin frá innritun hans í námið. Námsstjórn getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði um tímamörk ef veikindi eða aðrar veigamiklar ástæður eru fyrir hendi.

9. gr.

Framvinda og samsetning náms.

Námið skal fela í sér þjálfun í fræðilegum vinnubrögðum og þátttöku í námskeiðum á framhaldsnámsstigi.

Í fylgiskjali með samkomulagi deildanna um þverfaglegt meistaranám er gerð grein fyrir uppbyggingu þess, m.a. hvaða námskeið koma frá hvorri deild. Námskeiðum er skipt í tvennt; skyldunámskeið og valnámskeið. Nánari lýsingu á námskeiðum er að finna í kennsluskrá viðkomandi deildar.

Nemandi skal velja sér efni til lokaritgerðar (rannsóknarverkefni) í síðasta lagi 8 mánuðum fyrir áætlaða brautskráningu, þ.e. fyrir 15. júní vegna útskriftar í febrúar árið eftir og fyrir 15. október vegna útskriftar í júní árið eftir. Þá skal einnig liggja fyrir lýsing á því verkefni sem rannsaka skal og áætlun um framkvæmd þess.

Nemandi skal skila sérstöku eyðublaði til skrifstofu nemendabjónustu félagsvísindasviðs um val á efni og ósk um leiðbeinanda, sbr. 10 gr., og undirritað af nemanda, innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 3. mgr. Námsstjórn samþykkir efni ritgerðar og úthlutar leiðbeinanda miðað við efnisvalið.

Lokaritgerð skal samsvara 30 ECTS einingum að umfangi og efni skal vera innan skattaréttar og/eða reikningsskila. Aðalleiðbeinandi kemur annaðhvort frá viðskiptafræðideild eða lagadeild og fer það eftir megininnihaldi lokaritgerðar.

10. gr.

Aðdragandi lokaritgerðar og leiðbeinandi.

Áður en nemandi hefur samningu lokaritgerðar (rannsóknarverkefni) skal hann hafa rætt við væntanlegan leiðbeinanda og ráðfært sig við hann um lokaritgerð (rannsóknarverkefni), lýsingu hennar og tímaáætlun varðandi framkvæmd.

Leiðbeinandi ásamt nemanda leggur fram rannsóknaráætlun til stjórnar námsins. Samþykki stjórnar þarf til að rannsóknaráætlun sé gild. Ef ábendingar eða athugasemdir koma frá stjórn námsins, skal námsstjórn rökstyðja það.

Leiðbeinandi er heimilt að hafa sérfræðing sér til aðstoðar, enda uppfylli hann kröfur þessara reglna og viðkomandi deildar. Leiðbeinandi er þó ávallt ábyrgur fyrir því að lokaritgerð sé í samræmi við reglur um meistaranámið. Leiðbeinandi skal vera fastráðinn kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi deild. Nú er leiðbeinandi ekki fastráðinn kennari og er þá nauðsynlegt að hann hafi a.m.k. lokið meistaraþrófi á viðkomandi fræðasviði og hafi sérfræðipækkingu á efni lokaritgerðar. Samþykki námsstjórnar þarf ef leiðbeinandi er ekki fastur kennari.

11. gr.

Gæðamál.

Námsstjórn ber ábyrgð á að námið sé í samræmi við reglur sem og að fagleg uppbygging námsins sé til staðar.

12. gr.

Prófdómarar.

Námsstjórnin tilnefnir prófdómara. Prófdómari getur komið til vegna einstakra prófa og vegna lokaritgerðar. Reglur viðkomandi deildar gilda.

13. gr.

Námsmat og meistaraþróf.

Um einkunnir gilda sérreglur lagadeildar og viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands fyrir einstök námskeið. Í meistaraþrófi má ákveða að nemandi flytji opinberan fyrirlestur um lokaverkefnið en að honum loknum er nemandinn prófaður. Prófdómari og leiðbeinandi meta frammistöðu nemanda og úrskurða hvort nemandi hafi staðist prófið.

Við tvífall gilda sérreglur viðkomandi deildar. Virkjast þær einungis í þeirri deild sem viðkomandi námskeið tilheyrir.

14. gr.

Skil og frágangur meistararitgerða.

Meistaraprófsritgerð skal leggja fram samkvæmt sérreglum þeirrar deildar er nemandi útskrifast frá, þ.e. lagadeild eða viðskiptafræðideild.

15. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Hluta meistaranáms má taka við aðra háskóla eða viðurkenndar rannsókn- eða vísindastofnanir með samþykki námsstjórnar. Samþykki þarf að liggja fyrir áður en nemandi hefur nám við aðra háskólastofnun.

16. gr.

Lærdómstitill.

Meistarapróf samkvæmt þessum reglum veitir rétt til lærdómstilsins Magister artium í skattarétti og reikningskilum (Master in tax law and accounting).

17. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fenginni tillögu félagsvísindasviðs, eru settar samkvæmt heimild í 3. og 4. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 484/2010 um þverfaglegt meistaranám við Háskóla Íslands í skattarétti og reikningsskilum. Þær gilda þó áfram um þá nemendur sem skráðir eru í nám samkvæmt þeim, þar til þeir hafa brautskráðst eða hætt námi af öðrum ástæðum.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 1. mgr. 28. gr. laga nr. 85/2008, skal birta reglurnar í kafla þverfaglegs náms í kennsluskrá og á heimasíðu aðildardeildanna.

Háskóla Íslands, 14. janúar 2022.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfudagur: 31. janúar 2022